

Leirvogsá

Rannsókn á seiðabúskap 2018

Samantekt

Sumarið var sólarlítið, úrkomumikið og fremur kalt. Seiðamagn var eðlilegt nema þar sem áin hafði raskað óstöðugum botni í vatnavöxtum. Stangveiðin var langt undir meðaltali. Horfið var frá því að veiða eingöngu á flugu og ekki þurfti að sleppa öllum fiski. Hitafar var aðeins undir meðallagi á þroskatíma gönguseiða en óvenju lágt á veiðitíma vegna sólarleysis. Ekki má búast við mikilli laxgengd 2019, en lítill efniviður fannst í gönguseiði ársins 2018 í seiðaúttekt 2017, en þau standa undir göngunni 2019.

Inngangur


Sumarið S- og V- lands 2018 var nokkuð óvenjulegt. Mikil úrkoma var mest allt sumarið og fremur kalt í veðri, hiti í ám undir meðaltali vegna sólarleysis. Á V- og NV-lands voru vatnsmiklar allt sumarið og veiðiskilyrði víða erfið. Smálaxagengd var undir meðaltali og léleg N-lands.

Seiðarannsókn var gerð 18. maí við Hrafnhóla til að kanna vöxt og holdafar seiða að vori. Rannsókn á þéttleika seiða var gerð 27. júlí og 18. ágúst. Ekki var farið á svæðið ofan við Tröllafoss.

Niðurstöður

Lax

Mynd 1 sýnir lengdardreifingu laxaseiða við Hrafnhóla 18. maí. Holdafarið sést í mynd 2. Tafla 1 sýnir fjölda laxaseiða, sem veiddust á stöðvum 4-8.



Mynd 1. Lengdardreifing laxaseiða við Hrafnhóla 8. maí. Árs gömlu seiðin eru 4 cm löng og tveggja ára seiðin eru 6,2 cm




Mynd 2. Seiði frá Hrafnhólum 8. maí. Seiði 1 og 2 frá vinstri eru 2 ára laxar, nr. 3 er árs gamall urriði svo og næsta seiðið. Minnstu seiðin eru eins árs laxar.

Eins árs seiðin við Hrafnhóla, nýkomin undan vetri, voru að meðaltali 4 cm löng. Þessi aldursflokkur hafði 3.7 cm meðallengd um miðjan ágúst árið áður svo ekki hafa þau bætt mikið við sig. Holdafarið var eðlilegt. Tveggja ára seiðin voru 6 cm að meðaltali en í ágúst árið áður voru þau 5.3 cm. Þau voru frekar horuð.

				Aldur									
Stöð nr.	Nafn	Dags	Stærð	0+		1+		2+		3+		Samtals	Þéttleiki
			m²	Fj.	ml	Fj.	ml	Fj.	ml	Fj.	ml		Fj./100 m²
4	O. Hrafnhólabrúar	28/7	50	25	3.0	11	5.4					36	72
5	N. Hrafnhólabrúar	28/7	50	32	3.1	6	5.4	2	7.2	1	10.6	41	82
6	Miðsvæði efra	28/7	40			4	6.0					4	10
7	Miðsvæði neðra	18/8	60	5	3.5	7	6.5	2	9.3			14	23
8	Varmidalur	18/8	50	12	4.0	10	6.6	4	8.9			26	52
	Samtals:		250	74	3.4	38	6.0	8	8.5	1	10.6	121	48
	Fj/100m2			30		15		3		0.4			

Tafla 1. Fjöldi (Fj) og meðallengd (ml) veiddra laxaseiða í einni yfirferð á stöðvum 4-8 2018 27. júlí og 18. ágúst. Staðsetning stöðva er sýnd á mynd 9.

Seiðamælingar voru gerðar með rúmlega tveggja vikna millibili og taka verður tillit til þess þegar vöxtur seiða er skoðaður. Magn vorgamalla seiða, 0+, var eðlilegt nema á stöðvum 6 og 7, sem eru miðsvæðis í ánni, þar var einnig lítið af seiðum annara aldursflokka. Ástæðan virðist vera sú að mikil hreyfing og miklar breytingar hafa verið á botninum eftir mikinn vatnagang síðasta árs, meira þarna en annars staðar í ánni. Þéttleiki aldurshópa er sýndur í töflu 2 og á mynd 5.




Mynd 3. Lengdardreifing veiddra laxaseiða 28. júlí og 18. ágúst 2018



Mynd 4. Seiði frá stöð 7 18. ágúst. Laxaseiði efst, urriðaseiði neðar.

Ár	0+	1+	2+	3+	Samtals Fj.100m²
2008	7.8	5.0	0.9	0.4	14
2009	18.3	4.5	4.9	1.1	29
2010	30.1	13.9	1.8	0.2	46
2011	12.4	5.0	2.0	0.2	20
2012	9.8	4.8	1.7	0.3	17
2013	13.2	15.3	2.5	0.9	32
2014	43	4.4	3.5	0.5	51
2015	31	17	2		49
2016	95	22	7		124
2017	45	13	-		59
2018	30	15	3	0.4	48


Tafla 2. Þéttleiki aldurshópa laxaseiða í Leirvogsá 2008-2018



Mynd 4. Þéttleiki seiðaárganga í Leirvogsá 2008-2017

Urriði

Alls veiddust 45 urriðaseiði þar af 22 á stöð 8 við Varmadal, og 8 á stöð 5, neðan Hrafnhólabrúar. Flest urriðaseiðanna voru sumargömum eða 42.




Mynd 5. Lengdardreifing urriðaseiða




Mynd 6. Seiði af stöðinni við Varmadal. Laxaseiði efst, urriðaseiði neðar.

Veiðin 2018


Alls veiddust 251 lax og 50 sjóbirtingar. 11 löxum var sleppt og 25 voru teknir í klak. 81 lax var veiddur á flugu hinir á maðk. Lengdardreifing veiddra laxa er sýnd á mynd 7 og afli árána 2006-2018 er sýndur á mynd 8.



Mynd 7. Lengdardreifing laxveiðinnar 2018




Mynd 8. Laxveiðin 2006-2018




Mynd 9. Rafveiðistöðvar í Leirvogsá 2018

Hitafar

Nokkuð hlýtt var í apríl en svo kólnaði og hélst kalt fram eftir sumri (mynd 10). Fyrri partur sumars, reyndar fram í ágúst var votur og sólarlaus. Meðalhiti á þroskunartíma gönguseiða, síðustu viku apríl til miðs júní, var rétt undir því sem hann var tvö árin á undan (mynd 11) en upp úr því varð kaldara en áður hafði mælst (tafla 3).




Mynd 10. Vikulegur meðalhiti í Leirvogsá 2018 blá lína, 2017 græn lína og 2016, rauð lína.



Mynd 11. Meðalhiti í Leirvogsá frá síðustu viku apríl til miðs júní 2014-2018.

Mánuður	Vika	2014	2015	2016	2017	2018
Apríl	1			3.0		
	2			3.3	1.3	3.9
	3	2.4		3.5	2.3	4.9
	4	4.5	1.7	3.8	2.9	5
Maí	1	5.9	3.2	4.7	6.4	3.9
	2	6.6	3.7	5.9	5.9	5.7
	3	6.7	4.6	6.6	7.0	5.5
	4	7.4	5.5	6.0	9.3	6.8
Júní	1	10.1	6.8	8.5	8.6	9.2
	2	11.2	6.8	10.5	8	8.6
	3	10.6	8.2	10.6	9.4	8.4
	4	10.8	10.1	10.4	9.8	8.2
Júlí	1	9.3	10.2	11.3	9.9	8.7
	2	10.5	10.3	11.2		8.9
	3	10.7	9.8	12.0		10.4
	4	12.0	10.2	12.6		10

Tafla 3. Vikulegur meðalhiti í Leirvogsá 2014-2018.



Mynd 12. Hiti í Leirvogsá 10/4-25/7 2018